

Uppskrift að góðum degi

Viltu vera eins falleg manneskja og hægt er? Kannski sú fallegasta, flottasta, kynþokkafyllsta, heitasta og sætasta manneskjan sem til er? Fylgdu þá þessum einföldu skrefum. Áður en þú byrjar sjáðu til þess að þú sért með allt snyrtidót sem þú átt fyrir framan þig.

Skref 1:

Hreinsaðu húð og sál.

Öll vitum við hvernig það er að eiga erfðan dag. Ýmislegt ræðst á húð og sál. Við getum bjargað þessum leiðindum með því að hreinsa þig með hreinsi-efni sem kallast „heidarleiki“.

Skref 2:

Settu á þig krem.

Berðu krem á þig til að endurlífga húð og sál. Okkar uppáhalds heitir „Ný Byrjun“.

Skref 3:

Notaðu hyljaran.

Flest vitum við hvernig það er er að bera þunga byrgði sem þér finnst óþægilegt að sjáist. Dæmi um þessa byrgði eru bólur og sorg . Hyljarinn sem við mælum með heitir „Burt Með Sorgir“.

Skref 4:

Finndu meik sem hentar þér.

Öll eru við svo ólík, bæði í útliti og persónuleika. Finndu meik sem hentar þér en ekki setja of mikið þú villt ekki vera fölsk mannsekkja. Þetta skref er grunnurinn að þér svo veldu réttan tón. Besta varan heitir „Vertu þú sjálfur“ allir aðrir eru uppteknir!

Skref 5:

Yddaðu augnblyantinn!

Augnblyanturinn er einn mikilvægasti þátturinn í fegurð þinni. Sá besti á markaðnum kallast „Engir fordómar“. Hann verndar augun þín fyrir fyrirlitni og fordómum.

Skref 6:

Skuggðu augun.

„Óeigingirni“ er vinsælasti augnskugginn á markaðnum. Hann hjálpar þér að sjá málið úr augum annarra.

Skref 7:

Magnaðu þig með maskara.

Oft koma dagar sem þér finnst eitthvað vanta upp á. Það þýðir að þú gleymdir maskaranum. Sá besti allra tíma heitir „Jákvæðni“. Hann gerir allt miklu skemmtilegra og léttara. Hann hjálpar þér líka að sjá björtu hliðarnar. Það besta við hann er að hann er vatnsheldur og þótt þú grátir sérðu ennþá björtu hliðarnar á lífinu.

Skref 8:

Fáðu þér fallegar eplakinnar.

Lífgaðu upp á það rjóða og sæta í þér með kinnalitnum „Markmið og draumar“ til að setja litinn á þig notaðu burstann „vinnusemi“.

P.S. Fyrir bestútkomu SLEPPTU öllu í snyrtuveskinu!

Það besta við þessa förðun er að öll hráefnin eru frí og þú finnur þau innra með þér!

Skref 9:

Kryddaðu upp á varirnar!

Varirnar eru það kynþokkafyllsta við andlitið á okkur. En geta líka illgjanar. Til þess að passa okkur að halda þeim kynþokkafullum innrömmum við þær með varablýhantinum „Umhyggja og skynsemi“. Hann heldur inni öllum ljótu orðunumog sleppir þeim fallegu. Hann fæst í búðinni „Ef þú hefur ekkert gott að segja skaltu bara þegja“

Skref 10:

Litaðu varirnar.

Það er fátt kynþokkafyllra en rósrauðar varir... eitt að því fáa; góðvild. Þess vegna er varaliturinn „Gæska“ tilvalinn. Hann fæst í búðinni „Burt með skíthæla“

Skref 11:

Peppaðu upp á þig!

Þú villt náttúrulegra koma vel fram. Rúsínan í pylsuendanum er alltaf ilmvatnið „sjálfstraust“. Það skiptir ekki máli hvert tilefnið er, sjálfstraust er alltaf það kynþokkafyllsta sem til er.

Fanney Edda Felixdóttir &

Sabrina Rosazza